

Stjórnarfundur BLÍ



Þriðjudagur 11. apríl kl. 16.30

Mæting: Grétar Eggertsson formaður, Steinn Einarsson, Árni Jón Eggertsson, Ragnheiður Sigurðardóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Kristín Hálfðánardóttir og Svandís Þorsteinsdóttir í síma.

Dagskrá

Verkaskipting stjórnar

Nefndaskipan

Úrvinnsla frá ársþingi

Önnur mál

Fundargerð

Verkaskipting stjórnar

Lagt er til að stjórnin verði óbreytt, Stefán Jóhannesson varaformaður, Árni Jón Eggertsson gjaldkeri, Kristín Hálfðánardóttir ritari og Svandís Þorsteinsdóttir ný í stjórn sem meðstjórnandi.

Formaður stýrir fundum og leggur til að það verði skipaður fundarritari á hverjum fundi. Sævar Már Guðmundsson skipaður fundarritari í dag.

Samþykkt af fundarmönnum.

Sett verði upp skýr mynd af verkaskiptingunni hlutverk stjórnar.

Nefndarstarfið, þarf að fara yfir hlutverk og verkefni hvers nefndar. Það þarf að búa til ramma utan um hverja nefnd fyrir sig. setja upp skjal svo menn geti áttað sig á hver verkefnin eru.

Hlutverk nefnda þarf að endurskoða reglulega.

Nokkur umræða var um þessa nálgun og ákveðið að setja upp hlutverkaskipan með þessum hætti.

Ávinningur er að útávið er það skýrt hvert hlutverk er í stjórn BLÍ og í nefndum.

Nefndaskipan

Aganefnd: Hreggviður Norðdahl, Þorvaldur Sigurðsson, Jón Gunnar Sveinsson

Mótanefnd: Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Andri Hnikarr Jónsson, Óskar Þórðarson.

Dómaranefnd: Ný dómaranefnd verður skipuð á næstunni

Landsliðsnefnd: Stefán Jóhannesson formaður og Kristján Geir Guðmundsson áfram. Steinn Einarsson, Ragnheiður Sigurðardóttir og Aleksandra Pantic koma inn í landsliðsnefnd. Jafnvel verið að skoða fleiri inn í landsliðsnefndina en um er að ræða stóra og mikilvæga nefnd.

Framkvæmdastjórinn skal ekki vera í nefndum, heldur starfsmaður nefnda.

Ákveðið var að skipa ekki í fleiri nefndir á þessum fundi þar sem tímabilið er enn í gangi en nokkur umræða var um nefndirnar og hvernig á að skipa í þær.

Yngriflokkanefnd verður skipuð eftir að leiktímabili lýkur

Stjórnin ræddi að hlutverkin þurfi að vera skýr og sjálfstæði nefnda verði algjört en upplýsingaflæði til stjórnar.

Árni Jón kemur með punkt inn að setja upp Teams fyrir Blaksambandið. Í dag eru starfsmenn sambandsins að nota Teams og þarf að setja upp þar fyrir allar nefndir.

Heimasíða. Fjölmiðlanefnd.

Upp kom umræða að vera með stjórnarmann inni í nefndum. Mikilvægara að við fáum upplýsingar frá nefndunum okkar. Sterk tenging við stjórn er mikilvæg fyrir landsliðsnefnd t.d.

Strandblaknefndin er skipuð og tilbúin fyrir þetta sumar. Við sem Blaksamband þurfum að huga að þessum þætti betur. Það sem stendur strandblaki til þrifa er inniaðstaða.

Talað um afreksmál lítillga

Nefndirnar klári sitt starfsár og síðan verði tekið upp samtal með nefndum og sett upp hlutverk hverrar nefndar.

Mótanefnd og gjöld fyrir næsta ár. Árni Jón skoða Excel og leggur til fyrir næsta fund í byrjun maí. Auglýst fyrir 15. maí skv. nýrri reglugerð.

Að huga að því að fjölga nefndum, fjölmiðla og markaðsnefnd.

Stjórnin á að móta starfið – hlutverk nefndarinnar. Markmiðið er að fá betri innsýn í starfið.

--

Praktísk atriði. Gréttar

Fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 16.30. Hlynntur því að funda hálfsmánaðarlega til að byrja með.

Vil koma á stefnumótunarfund fyrir BLÍ í maí. Einn dagur.

Ragnheiður vísar af fundi.

Kristín sagðist geta mögulega hjálpað til við heimasíðu – sett efni þar inn.

Úrvinnsla ársþings BLÍ

Sigurbjörn og Hnikarr myndu klára booklet fyrir reglugerðirnar.

Það þarf að skýra betur út með liðaskipti og þannig.

Koma frekari fréttum út um þingið, hvað var samþykkt o.s.frv.

Fyrirkomulagið á stjórnarfundum. Skýrt með fundarboð, mætingu og fundargerð komi inn daginn eftir.

Önnur mál

Undirritað skjal fyrir prókúru á reikning í Íslandsbanka sem verður fyrir sjóð ungra og efnilegra fyrir Sævar og Guðmund Helga sem er formaður nefndarinnar í kringum sjóðinn.

Sævar greinir frá NEVZA fundi og punktum frá honum.

Sporttv í úrslitakeppninni. Ákveðið að allir leikir í úrslitunum verði á Sporttv.

Fundir slitið kl. 19.00 – Sævar ritaði fundargerð